

ErkiTíð og RÚV kynna

Samkeppni um nýtt raftónverk

Tónlistarhátíðin *ErkiTíð* og *Tónskáldasjóður RÚV og STEFs* efna til samkeppni um nýtt raftónverk eða hljóðverk - fyrir tónskáld af öllum kynslóðum.

Tónverkið þarf að vera með tilvísun í íslenska raftónlist í gegnum tíðina þ.e. frá upphafi raftónlistar á Íslandi (1959) til dagsins í dag. Verkin geta einnig verið fyrir hefðbundin hljóðfæri þ.a.m. slagverk, strengi eða blásara (þó mest 4 hljóðfæraraleikarar í hverju verki) en CAPUT mun sjá um hljóðfæraleik.

Tónverkið á að vera 7-10 mín að lengd og getur verið á hvaða formi sem hentar og þarf stutt greinargerð um verkið að fylgja með sem skýrir tengingu verksins við íslenska raftónlist.

Veitt verða þrenn verðlaun – fyrstu verðlaun kr. 500.000, önnur verðlaun kr. 300.000 og þriðju verðlaun kr. 200.000.

- Verðlaunaverkin verða frumflutt á *ErkiTíð 2024 – kynslóðir* þann 17. nóvember 2024 í Listasafni Reykjavíkur en hátíðin stendur frá 16. til 17. nóvember í Listasafni Reykjavíkur.
- Þá verða verðlaunaverkin einnig gefin út á streymisveitum; Spotify, Apple Music, o fl.

Skilafrestur er 5. nóvember og skal senda verkin rafrænt á netfangið:
rikhardurhf@gmail.com.

Nánari upplýsingar veitir Ríkharður H. Friðriksson rikhardurhf@gmail.com.

f.h. ErkiTíðar

Kjartan Ólafsson

www.erketid.is

